



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

# TÍMABUNDIÐ STARFSLEYFI

fyrir útihátíð (Sirkustjaldið Jökla) í Vatnsmýrinni við Sæmundargötu.

Nafn leyfishafa: 3 Hoopsplit slf.

Heimilisfang: Framnesvegur 65

Póstnúmer: 101

Kennitala: 640314-0950

Útgáfudagur leyfis: xx.xx 2026

Gildir til: xx.xx 2026

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með Starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir Sirkustjaldið Jöklu við Sæmundargötu frá 10. júlí til 19. júlí 2026.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsál þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, xx.xx 2026

# Umsókn um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

## Umsókn móttokin

28. apríl, 2026

Einkvæmt auðkenni: a2e93c24-b9d5-40c8-82b0-9ec2bb613c8b

## Skilmálar

Já, ég samþykki!

✓

## Tegund umsóknar

Vinsamlegast hakið við það sem við á

Tímabundið leyfi

Áætluð lok starfsemi

07/19/2026 00:00:00

Starfsemi hefst

07/10/2026 00:00:00

## Starfsstöð og fyrirtæki

Heiti starfsstöðvar

Sirkustjaldið Jökla

Aðsetur starfsstöðvar

Vatnsmýrin við Sæmundargötu

Póstnúmer aðseturs

101

Símanúmer

Netfang

Heimasíða

sirkus.is

Nafn fyrirtækis

3hoopsplit

Kennitala fyrirtækis

6403140950

Heimilisfang fyrirtækis

Framnesvegur 65

**Póstnúmer fyrirtækis**

101

## **Forsvarsmaður**

**Nafn forsvarsmanns**

Alda Brynja Birgisdóttir

**Kennitala forsvarsmanns**

**Sími forsvarsmanns**

**Netfang forsvarsmanns**

## **Hvar fer starfsemin fram?**

**Hvar fer starfsemin fram?**

Ekki í fasteign (lóðir, færanleg starfsemi, útihátíðir, vatnsverndarsvæði t.d.)

**Staðsetning**

Bílastæðið í Vatnsmýri við Sæmundargötu

## **Starfsemi**

**Hvers konar starfsemi?**

Hollustuhættir

**Nánari lýsing á starfseminni**

Sirkussýningar í Sirkustjaldinu Jöklu.

## **Fylgigögn**

**Viðbótargögn**

Leyfi\_20260026.pdf,3822-001-RYM-001-V01 Sirkus Íslands Flóttaleiðarmyndir.pdf,3822-001-TEI-001-V01 Sirkus Íslands Öryggismynd 09so (2).pdf



## Starfsleyfisskilyrði Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir Sirkustjaldið Jöklu við Sæmundargötu frá 10. júlí til 19. júlí 2026

Starfsleyfi þetta gildir fyrir 3 hoopsplit slf (kt: 640314-0950) í Vatnsmýrinni, við Sæmundargötu frá 10. júlí til 19. júlí 2026. Rekstraraðili ber að öllu leyti ábyrgð á starfsemi, þ.á.m. að fara að þeim lögum og reglum sem um hana gilda.

Starfsleyfið er gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, lög nr. 93/1995 um matvæli og reglugerðir samkvæmt þeim, reglugerð 903/2024 um hollustuhætti, reglugerð 724/2008 um hávaða. Um meðferð, sölu og dreifingu matvæla gildir matvælalöggjöf, sjá viðmiðunarreglur þar um.

Samþykkt borgarráðs þarf að liggja fyrir áður en starfsemi hefst.

Samþykkt afnotaleyfi af borgarlandi þarf að liggja fyrir áður en starfsemi hefst.

*Um starfsemina gilda að auki eftirfarandi starfsleyfisskilyrði eftir því sem við á:*

- Samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir útisamkomur.

### **Almennt**

Halda ber hátíðarsvæðinu hreinu og snyrtilegu og gæta þess að ónæði vegna hátíðarinnar í nálægri byggð verði í lágmarki.

Sýningum skal vera lokið eigi síðar en kl. 22:00 sunnudaga - fimmtudaga og eigi síðar en kl. 23:30 föstudaga og laugardaga. Sýningar skulu ekki hefjast fyrr en í fyrsta lagi kl. 10:00. Hljóðprufur fyrir viðburði mega fara fram frá kl. 10:00 á viðburðardegi eða frá kl. 10:00 – 18:00 daginn fyrir. Hljóðprufur mega að hámarki vara í 3 tíma.

Rekstraraðila er skylt að fyrirbyggja slys og leita allra leiða til að gera húsnæði, lóð, aðstöðu og búnað þannig úr garði að það sé sem öruggast fyrir börn. Skrá skal slys og óhöpp sem verða og skal sjúkrakassi með nauðsynlegum gögnum vera til staðar.

Reykingar eru óheimilar í veitingaaðstöðu, og á innisvæðum hátíðarinnar. Virða skal ákvæði laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og reglugerðar nr. 326/2007 um takmarkanir á tóbaksreykingum og laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Fullnægjandi þrífum skal lokið eins fljótt og kostur er eftir og eigi síðar en þremur klst. eftir sýningu lýkur.

### **Hávaði**

Virða skal ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða og ákvæði 22. gr. reglugerðar nr. 941/2002, um hollustuhætti með síðari breytingum hvað varðar ónæði og skal rekstraraðili gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði í samræmi við ofangreindar reglugerðir.

Samkvæmt ákvæðum 10. gr. reglugerðar um hávaða skal ábyrgðaraðili auglýsa fyrir íbúum og kynna með sannanlegum hætti útiskemmtanir og útítónleika, sem haldnir eru í þéttbýli a.m.k. sólarhring áður en skemmtun eða tónleikar hefjast. Í kynningunni skal koma fram hvenær atburður hefst og hvenær honum lýkur.

Uppsetning hljóðkerfis er á ábyrgð rekstraraðila og skal tryggt að fylgt sé ákvæðum reglugerðar um hávaða. Rekstraraðili ber ábyrgð á því að frágangur rafmagns verði þannig að hætta hljótist ekki af. Uppstilling á hljóðkerfi skal vera á þann veg að reynt sé að takmarka hljóðmengun sem berst frá hljóðkerfi að nálægri íbúabyggð.

Sérstök athygli er vakin á töflu V í reglugerð nr. 724/2008 um mörk hávaða á samkomum.



<b>Tafla V. Mörk fyrir hávaða á samkomum.</b>			
	Jafngildishljóðstig	Hámarkshljóðstig	Hæsti hljóðtoppur
Samkomustaðir, útiskemmtanir og aðrir staðir þar sem fólk dvelur í skamman tíma	95 dB(A)	110 dB(A)	130 dB(C)
Samkomur sérstaklega ætlaðar börnum	90 dB(A)	105 dB(A)	125 dB(C)
Einstakir og sérstaklega hávaðasamir viðburðir á stöðum sem eru sérstaklega ætlaðir til tónleikahalds skv. sérstakri heimild í starfsleyfi	102 dB(A)	115 dB(A)	140 dB(C)

### **Sorp og umgengni**

Nægjanlegur fjöldi sörpílata skal vera til staðar og skulu sörpílat tæmd reglulega og eftir þörfum. Á meðan á hátíðinni stendur þarf að vakta svæðið, þrifa, tína upp rusl eftir þörfum og lagfæra það sem aflaga fer.

Rekstraraðila er skylt að halda athafnasvæði, lóð og húsnæði hreinu og snyrtilegu og gæta þess að athafnasvæðið mengist ekki eða þar safnist fyrir úrgangur, svo og hlutir og búnaður sem ekki eru í notkun eða eru starfseminni óviðkomandi. Girðingum skal haldið við.

Virða skal lóðarmörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur fengið til afnota.

### **Snyrtingar**

Þar sem ekki er aðgangur að fullbúnum snyrtingum á útisvæðinu leggst Heilbrigðiseftirlitið ekki gegn því að þar séu notuð færanleg salerni fyrir gesti. Fjöldi færanlegra salerna skal að lágmarki vera í samræmi við gr. 31 í reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti.

Gerð er krafa um að á salernum sé, handþvottaaðstaða með fljótandi sápu og einnota handþurrkum eða sóttþreinsandi þvottakremi/gerileyði ásamt einnota handþurrkum. Salernin skulu tæmd og þriffin eftir þörfum. Tæming á úrgangi frá salernum skal fara fram á stöðum sem hafa starfsleyfi fyrir móttöku á slíkum úrgangi.

### **Matvæli**

Um meðferð, sölu og dreifingu matvæla gildir matvælalöggjöf, sjá viðmiðunarreglur þar um.

#### *Meðferð matvæla:*

- Gæta skal fyllsta hreinlætis í sambandi við flutninga, geymslu, meðferð og sölu á matvælum.
- Öll matvæli skulu seld í einnota umbúðum sem ætlaðar eru matvælum.
- Í sölubásum matvæla og á börum skal vera til staðar gerileyðir til sóttþreinsunar á höndum starfsfólks og einnota pappírþurrkur.
- Matvæli og umbúðir skulu ekki geymd beint á gólfi eða á jörð. Óinnþökkuð matvæli skulu geymd a.m.k. 50 cm. frá gólfi eða jörð.
- Matvæli skulu ekki geymd óvarin.
- Á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar skulu matvælin varin gegn mengun sem líklegt er að geri þau óhæf til neyslu, skaðleg heilsu eða svo menguð að ekki er eðlilegt að telja þau hæf til neyslu í því ástandi.
- Nægjanlega góð aðstaða skal vera til staðar til geymslu matvæla á tryggilegan hátt og við rétt hitastig. Kælivara skal geymd við 0-4°C og frystivara við a.m.k. -18°C. Heitum matvælum, s.s. pylsum, skal haldið við 60°C eða hærra hitastig.
- Í dreifingu skal tryggja að heitum matvælum sé haldið við a.m.k. 60°C, kælivörum við 0-4°C og frystivörum við a.m.k. -18°C.

#### *Framleiðslu- og dreifingaraðilar:*



- Öll matvæli sem boðin eru til sölu skulu framleidd af aðila sem hefur starfsleyfi frá opinberum eftirlitsaðila sem heimilar framleiðslu umræddra matvæla eða er á skrá yfir frumframleiðendur hjá Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga.
- Ef ekki er hægt að geyma öll matvæli á sölustað sem á að nota við reksturinn þarf rekstraraðili að geyma þau í lagerhúsnæði sem hefur starfsleyfi frá opinberum eftirlitsaðila. Gera þarf grein fyrir þessu fyrirkomulagi í starfsleyfisumsókn og tilgreina hvar lagerinn er staðsettur.

***Kandífloss- og poppvél:***

Ástunda skal góða framleiðsluhætti og gæta þarf ýtrasta hreinlætis. Einnig skal sjá til þess að óviðkomandi hafi ekki aðgang að vélunum og að hráefni sé geymt við viðurkenndar aðstæður. Vélarnar skulu vera þrífarnar eftir þörfum.

***Rafstöð:***

Farið skal að ákvæðum reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og reglugerðar 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi og þess vandlega gætt að við notkun og áfyllingu á rafstöð skapist ekki hætta á mengun eða umhverfisskaða.

Viðbragðsáætlun skal vera til staðar vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á varasömum efnum.

Reykjavík, 25. maí 2026

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

## Afnotaleyfi

**Dagsetning:** 29-01-2026

**Númer leyfis:** R 20260026

**Nafn leyfishafa:** Sirkus Íslands  
**Heimilisfang:** Framnesvegur 65  
**Póstnúmer:** 107 Reykjavík  
**Kennitala:** 4311861369

**Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar veitir leyfishafa tímabundið og takmarkað leyfi til afnota af borgarlandi vegna:**

**Staðsetning:**

**Gildistími:** 06.07.2026 - 22.07.2026

**Tegund afnota:** Listviðburður

**Nánari lýsing og aðrar upplýsingar:**

Veitt er leyfi fyrir afnotum af borgarlandi fyrir sirkustjald sem staðsett verður í bílastæðum við Vatnsmýrina frá 6. til 22 júlí næstkomandi. Einnig er gefið leyfi fyrir tveimur gámum og ferðakömrum á svæðinu.

Uppsetning mun fara fram 7. til 11. júlí og frágangur verður á svæðinu frá 19. til 22 júlí.

Leyfishafa ber að halda afnotasvæði snyrtilegu, fjarlægja allt rusl sem stafa kann af afnotum, sjá til þess að fyllsta öryggis sé gætt og skila borgarlandinu eins og tekið var við því.

**Tengiliður leyfishafa:** Sirkus Íslands

**Netfang:** [REDACTED]

**Farsími:** [REDACTED]

**Tengiliður á stað:** Alda Brynja

**Netfang:** [REDACTED]

**Farsími:** [REDACTED]

**Nánari upplýsingar er að finna í fylgigögnum s.b. merkingaráætlun, teikningar og önnur**

## **fylgiskjöl.**

Afnotaleyfi af borgarlandi grundvallast á 1. mgr. 15. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavíkurborg nr. 1097/2008 sem og eftirfarandi lögum, reglugerðum og samþykktum.

- Ákvæðum lögreglusamþykktar fyrir Reykjavíkurborg nr. 1097/2008
- Reglugerð um merkingu og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda á og við veg nr. 492/2009
- Umferðalögum nr. 50/1987
- Reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 289/1995
- Vegalög nr. 80/2007
- Reglur um vinnusvæðamerkingar, 17. útgáfa mars 2021

Afnotaleyfi þetta skal ávallt vera á framkvæmda-/afnotaleyfissvæði ásamt teikningum af öryggisáætlun er varðar afmörkun á vinnusvæði ef við á.

Öll afnotaleyfi sem gefin eru út vegna stærri framkvæmda-/afnotaleyfissvæða og/eða þegar afnotaleyfi fylgir rof á yfirborði borgarlands þá fær umsækjandi afnotaleyfis aðgang að „Mínar síður“.

Öll afnotaleyfi sem gefin eru út vegna annarra afnota og viðburðahalds, s.s. aðstöðusköpunar, kvikmyndatökur, íþróttar og menningarviðburða fær umsækjandi afnotaleyfis ekki aðgang að „Mínar síður“.

Í gegnum „Mínar síður“ getur umsækjandi afnotaleyfis sett sig í samband við útgáfu afnotaleyfa og útgáfa afnotaleyfa auðvelduð bein samskipti við umsækjanda/leyfishafa. Þar getur umsækjandi einnig fylgst með stöðu afnotaleyfisumsóknar og þar getur leyfishafi jafnframt sótt um framlengingu á gildistíma afnotaleyfis ásamt því að tilkynna lok framkvæmda/afnota.

**Afnotaleyfi þetta er háð eftirfarandi skilmálum:**

### **Aðgengi**

- Fyllsta öryggis skal gætt á meðan á framkvæmdum/afnotum stendur. Með hjáleidum skal leyfishafi tryggja öryggi, aðgengi og umferðarflæði, óvarinna vegfarenda jafnt sem akandi, í kringum framkvæmda-/afnotaleyfissvæðið. Hjáleidir skulu skilmerkilega koma fram í merkingaráætlun sem er hluti af öryggisáætlun leyfishafa.
- Haga skal framkvæmdum/afnotum með þeim hætti að aðkomuleiðum að húsum og fyrirtækjum séu greiðfærar.
- Leyfishafi skal sjá til þess að íbúar hafi aðgang að grenndar- og endurvinnslustöðvum í borgarlandinu og aðgengi vegna hirðu gáma á stöðvunum. Ef sýnt þykir að framkvæmdin/afnotin raski hefðbundinni þjónustu stöðvanna skal upplýsa deild umhverfis- og úrgangsstjórnunar Reykjavíkurborgar og leita leiða til að viðhalda áframhaldandi þjónustu á framkvæmda-/afnotaleyfistímanum.
- Leyfishafi tryggir aðgengi íbúa að ílátum undir heimilísúrgang og aðgengi starfsfólks og bíla vegna hirðu úrgangs á framkvæmda-/afnotaleyfissvæðinu og nágrenni þess skv. samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykjavík nr. 123/2017. Tryggja þarf bæði greiða leið og öryggi starfsfólks hirðunnar og hirðubíla. Ef sýnt þykir að framkvæmdin/afnotin raski hirðu á viðkomandi svæði skal upplýsa deild umhverfis-

og úrgangsstjórnunar Reykjavíkurborgar, s.s. ef færa þarf tunnur/ker tímabundið eða flytja ílátin að hirðubíl á losunardegi.

## Verðmæti og frágangur yfirborðs borgarlands

- Leyfishafi ber skaðabótaábyrgð á því tjóni sem framkvæmdin/afnotin kunna að valda samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar. Komi til lagfæringar á borgarlandi eða eignum borgarinnar skulu þær framkvæmdar af hálfu Reykjavíkurborgar á kostnað leyfishafa.
- Öll tilfærsla/niðurrif og uppsetning götugagna (t.d. bekkir, skýli, ljósastaura, blómaker) af framkvæmda-/afnotaleyfissvæði skal gerð í samstarfi við leyfisveitanda og samkvæmt kröfum leyfisveitanda. Leyfisveitandi áskilur sér rétt til að sjá um tilfærslu/niðurrif/uppsetningu götugagna. Allur kostnaður sem til fellur við tilfærslu/niðurrif/uppsetningu götugagna ber leyfishafi að greiða.
- Öllum frágangi á yfirborði borgarlands skal vera hagað í samræmi við kröfur leyfisveitanda.
- Í útboðsverkum Reykjavíkurborgar gilda útboðsreglur um yfirborðsfrágang.
- Þar sem rof á mjúku yfirborði (t.d. gras, mold og móa) á sér stað er almennt leyfishafa heimilt að ganga frá yfirborðinu í samræmi við kröfur leyfisveitanda. Leyfisveitandi áskilur sér þó rétt til að sjá um þann frágang á kostnað leyfishafa við sérstakar aðstæður.
- Þar sem rof á hörðu yfirborði (malbikað-, steipt- eða hellulagt yfirborð) á sér stað ber leyfishafa að skila yfirborðinu bráðabirgðafrágengnu /toppfylltu, eins og nánar er lýst hér að neðan, en varanlegur frágangur yfirborðs er alfarið í umsjón Reykjavíkurborgar en á kostnað leyfishafa.
- Á tímabilinu 1.apríl til 15. október er almennt miðað við að bráðabirgðarfrágangur/toppfylling skuli vera mulinn grús með kornadreifingu 0-16 mm. Reykjavíkurborg fer í endanlegan yfirborðsfrágang við fyrsta tækifæri eftir að leyfishafi hefur tilkynnt lok framkvæmda/afnota.
- Á vetrartíma, frá 15. október til 31. mars, skal hinsvegar bráðabirgðarfrágangur/toppfylling leyfishafa gerð með köldu malbiki. Reykjavíkurborg fer í endanlegan yfirborðsfrágang þegar veðuraðstæður leyfa eftir að leyfishafi hefur tilkynnt lok framkvæmda/afnota. Eftirlitsaðilar Reykjavíkurborgar geta gefið undanþágu frá reglu um kalt malbik þegar veðuraðstæður og aðgengi að verktaða til malbikunar eru hagstæðar.
- **Leyfishafa ber að tilkynna lok framkvæmda á „Mínar síður“ þegar bráðabirgðafrágangi/toppfyllingu er lokið. Athugið að leyfishafi ber ábyrgð á að tryggja öryggi afnotasvæðisins þar til leyfisveitandi hefur samþykkt verklok (sjá ákvæði „Öryggisráðstafanir og merkingar“ hér fyrir neðan)**
- Leyfishafi sem ekki fær aðgang að „Mínar síður“ ber að virða gildistíma afnotaleyfis.
- Eftir að leyfishafi hefur tilkynnt lok framkvæmda, fer mál í farveg hjá leyfisveitanda þar sem farið er yfir að frágangur leyfishafa hafi verið í samræmi við kröfur leyfisveitanda. Leyfisveitandi gengur því næst frá yfirborði með varanlegum hætti og í framhaldi samþykkir leyfisveitandi tilkynnt lok leyfishafa. Samþykkt lok leyfisveitanda er sýnilegt leyfishafa á „Mínar síður“.
- Leyfishafi er ábyrgur fyrir gæðum og viðhaldi á verkum sínum í tvö ár eftir að framkvæmdum lýkur. Ábyrgð þessi hefst við það að leyfisveitandi samþykki tilkynnt lok leyfishafa og lýkur tveim árum seinna. Staða ábyrgðar er sýnileg afnotaleyfishafa á „Mínum síðum“.
- Brjótí leyfishafi skilmála afnotaleyfis, eða hagi afnotum að öðru leyti í andstöðu við

skilmála leyfisins, að mati leyfisveitanda, getur leyfisveitandi fellt leyfið úr gildi án fyrirvara og gert kröfu til þess að leyfishafi fjarlægji tæki, tól og byggingarefni af borgarlandi án tafar. Verði leyfishafi ekki við kröfu um að fjarlægja öll verksummerki af borgarlandi verður það gert á kostnað leyfishafa. Sama gildir ef leyfishafi fer út fyrir tímamörk leyfis án þess að sótt sé um framlengingu leyfis.

### **Öryggisráðstafanir og merkingar**

- Leyfishafi ber ábyrgð á að tryggja öryggi á afnotaleyfissvæði og nánasta umhverfi þess á afnotatímanum, þar með talið á öryggisráðstöfunum, leiðbeiningum og vinnusvæðamerkingum. Ábyrgð þessi hefst við upphaf afnotaleyfis og lýkur við það að leyfisveitandi samþykkir tilkynnt lok leyfishafa. Leyfishafi má því ekki fjarlægja viðeigandi öryggisráðstafanir/leiðbeiningar/vinnusvæðamerkingar fyrr en eftir að leyfisveitandi hefur samþykkt verklok framkvæmdanna. Fyrst eftir að leyfisveitandi samþykkir verklok leyfishafa færist ábyrgð á afnotaleyfissvæðinu af leyfishafa. Fyrst þá er leyfishafa heimilt að fjarlægja viðeigandi öryggisráðstafanir/vinnusvæðamerkingar. Samþykki leyfisveitanda er sýnilegt leyfishafa á „Mínar síður“.
- Leyfishafi skal sjá til þess að afnotaleyfissvæðið og nánasta umhverfi þess á afnotatímanum sé snyrtilegt og skal hann m.a. tryggja að rusl og annað sem til fellur við framkvæmdina sé hirt og fjarlægt jafnóðum. Verði um vanhöld þar á áskilur leyfisveitandi sér rétt til hreinsunar á kostnað leyfishafa. Einnig ber leyfishafa að annast slátt og hálkuvarnir. Komi til þess að mengun eða mengunarhætta skapist vegna spilliefna skal leyfishafi tilkynna það án tafar til leyfisveitanda og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.
- Leyfishafi skal halda hjáleiðum greiðfærum, þar með talið annast hreinsun, snjómokstur og hálkuvarnir hjáleiða.

**Ef framkvæmd/afnot krefjast lokunar og/eða umferðatakmarkana eða ef gönguleið sem eftir stendur er minni en 1,5 metri og ef lögmætt öryggissvæði er skert þá gilda eftirfarandi skilmálar:**

- Leyfishafi ber ábyrgð á því að unnið sé samkvæmt samþykktri öryggisáætlun er varðar afmörkun á vinnusvæði.
- Telji lögregla eða leyfisveitandi að um frávik frá öryggisáætlun sé að ræða eða að leyfishafi hafi ekki staðið að framkvæmdum skv. skilmálum þessum, skal heimilt að krefjast tafarlausra úrbóta eða stöðvunar framkvæmda. Ef kröfum er ekki sinnt er leyfisveitanda heimilt að láta framkvæma úrbætur á kostnað leyfishafa.
- Leyfishafi skal tilkynna íbúum og rekstraraðilum, með dreifibréfi, í næsta nágrenni við framkvæmdasvæði um framkvæmdina, framkvæmdartíma og til hvaða aðgerða verði gripið til þess að tryggja aðgengi um svæðið áður en framkvæmd hefst.
- Sé fyrirsjáanlegt að framkvæmd muni trufla umferð lengur en 7 daga skal setja upp ítarlegt skilti þar sem veittar eru upplýsingar um framkvæmdina, framkvæmdaraðila og tímalengd. Leyfishafa ber að fylgja ákvæðum um upplýsingaskilti framkvæmdasvæða og útliti framkvæmdagirðinga.
- Við útgáfu leyfis upplýsir leyfisveitandi lögreglu, slökkvilið og strætó um væntanlegar framkvæmdir. Ef upp koma ófyrirsjáanlegar tafir eða breytingar á framkvæmd þá ber leyfishafi fulla ábyrgð á að upplýsa leyfisveitanda, lögreglu, slökkvilið og strætó.

